LEIÐBEININGAR UM MÓTUN MÁLSTEFNU
FYRIR SVEITARFÉLÖG, SKÓLA OG STOFNANIR

- Málstefna fyrir sveitarfélög, skóla og stofnanir skal hafa lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011 til hliðsjónar. Gott er að taka einnig mið af íslenskri málstefnu 2021–2030.

- Mikilvægt er að taka fram að íslenska sé sett framar öðrum tungumálum án þess að önnur mál séu útilokuð. Dæmi um það getur verið að setja þá reglu hafa íslensku ofan við eða vinstra megin við önnur mál á upplýsingaskiltum.

- Setja ætti þá reglu að íslenska sé meginsamskiptamálið í þjónustu og vinnuumhverfi, sbr. lög nr. 61/2011. Um leið þarf að gæta að því að reglan sé ekki útilokandi fyrir starfsfólk og þjónustuþega sem tala ekki íslensku. Tilefni getur verið til að árétta lögbundinn rétt til túlkaþjónustu milli mála og á táknmáli.

- Leggja þarf áherslu á að hvetja erlent starfsfólk til að læra íslensku og veita því tækifæri til að sækja íslenskunámskeið. Gott er að nota Evrópska tungumálarammann til að setja viðmið um íslenskukunnáttu og tímaramma. Reykjavíkurborg hefur t.d. innleitt Evrópska tungumálarammann.

- Ávörp skulu fela í sér virðingu og inngildingu allra hópa.

- Leggja ætti áherslu á skýrt og auðskilið mál í ræðu og riti, að málfar sé í samræmi við málvenjur og viðeigandi málsnið og að ritmál fylgi íslenskum ritreglum.

- Mikilvægt er að setja ákvæði um að allt birt og útgefið efni sé undantekningarlaust á íslensku, sbr. lög nr. 61/2011, en jafnframt á öðrum málum eftir því sem við á. Þetta á einnig við um vefsíður sem ættu að vera stilltar þannig að íslenska sé alltaf sjálfgefin en aðgengi að þeim á öðrum málum sé engu að síður skýrt og auðfundið.

- Æskilegt er að kveða á um að íslensk nöfn stofnana, skóla og sveitarfélaga séu ávallt í forgrunni. Það sama á við um starfsheiti. Um leið er gott að hafa opinber erlend heiti til staðar. Tilefni getur verið til að árétta að íslensk örnefni séu alltaf notuð en erlend heiti fylgi í sviga ef ástæða er talin til þess.

- Ágætt er að huga að því að hafa málstefnuna stutta og hnitmiðaða en láta fylgja greinargerð með nánari útfærslu sem tekur m.a. á sérverkefnum hverrar stofnunar.

- Þegar málstefna hefur verið samþykkt þarf innleiðing og eftirfylgni að vera á ábyrgð tiltekins yfirmanns innan sveitarfélags eða stofnunar. Mikilvægt er að málstefnan sé aðgengileg, t.d. á heimasíðu.

ÍSLENSK MÁLNEFND

Skjal sótt af '0000000000' dags. 13.11.2026